



Fjarðabyggð - fjölskyldusvið
Hafnarbraut2
740 Fjarðabyggð

Fjarðabyggð, 17. október 2023
Tilvísun 2309181/7.0

Erindisbréf

Starfshóps um skipan fræðslumála í Fjarðabyggð

Ábyrgð: Bæjarráð

Markmið:

- Að rýna hvernig breyta megi rekstri leik-grunn- og tónlistarskóla Fjarðabyggðar með það fyrir augum að auka rekstrarlega samlegð og bæta faglegt starf.
- Breyta núverandi úthlutunarlíkani í skólum Fjarðabyggðar og úthluta eftir því fyrir skólaárið 2024-2025.
- Skoða hlutverk og fyrirkomulag skólaþjónustu í tengslum við breytingarnar.
- Gera grein fyrir áhrifum á og breytingum á rekstri félagsmiðstöðva og íþróttastarfs samhliða öðrum breytingum.

Áfangar: Að starfshópurinn vinni að breytingum í tveimur áföngum:

- Áfangi 1: Ytra umhverfi (yfirbygging og stjórnun)
- Áfangi 2: Innra umhverfi (kennsla, skólaþjónusta og aðrir innri þættir)

Ljóst er þó að einhver skörun verður á milli áfanga 1 og 2 við vinnu starfshópsins í vetur.

Verkefni: Að starfshópurinn móti stefnu og aðgerðaráætlun um breytingu á núverandi rekstrar- og stjórnunarfyrirkomulagi leik-grunn- og tónlistarskóla Fjarðabyggðar með það fyrir augum að auka rekstrarlega samlegð og bæta faglegt starf.

Að starfshópurinn skili af sér tveimur sviðsmyndum er varðar breytingar á yfirbyggingu fræðslumála Fjarðabyggðar í apríl 2024. Kostnaðarmat mun fylgja hvorri tillögu fyrir sig ásamt mati á faglegum ávinningi.

**Einstök efnistöð, verkefni og afurðir fyrir báða áfanga:**

- 1 Stöðumat.
- 2 Framtíðarsýn og stefnumörkun.
- 3 Aðgerðaáætlun.
- 4 Kostnaðarmat.
- 5 Tíma- og áfangaskipting verkefna.
- 6 Önnur mál og atriði sem málið varða.

Starfshópurinn skipa:

1. Kjörnir fulltrúar: Formaður fræðslunefndar Birgir Jónsson og er hann jafnframt formaður hópsins. Sigurjón Rúnarsson frá fræðslunefnd mun einnig skipa hópin.
2. Aðrir fulltrúar: Fulltrúi leikskólastjóra, fulltrúi grunnskólastjóra, fulltrúi tónlistarskólastjóra, ásamt fulltrúa starfsmanna skólajónustu.
3. Starfsfólk: Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og stjórnandi fræðslumála og skólajónustu sem er starfsmaður nefndar.

Stjórnsýsla, starfstími og skil til bæjarráðs: Starfshópurinn fundar vikulega til að byrja með og heldur fundargerðir sem lagðar eru fyrir fræðslunefnd og bæjarráð. *Skiladagur niðurstaðna hópsins er apríl 2024 og lýkur þá starfstíma hópsins er varðar áfanga 1.*

Þóknun: Þóknun er greidd fyrir akstur starfsfólks sem er í starfshópnum

Laufey Þórðardóttir
Sviðsstjóri fjölskyldusviðs